

Nd. **286. Breytingartillögur** [167. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 1. gr. orðist svo:

1. mgr. 14. greinar hljóði svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

2. 6. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra um réttindi og skyldur til samræmis við barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, gilda frá og með 1. janúar 1982.